



Skógræktarfélag Reykjavíkur

# Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2013



Skógræktarfélag Reykjavíkur  
Elliðavatni  
110 Reykjavík  
Sími: 564-1770



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Lykiltölur.....	6
Félagsmál .....	7
Starfsmenn .....	8
Rekstrarreikningur .....	9
Efnahagsreikningur .....	10
Heiðmörk .....	11
Vatnsvernd.....	11
Skógur og landsvæði.....	12
Gróðursetningar.....	12
Grisjun .....	12
Tæki og tól.....	13
Atvinnuáttak .....	13
Jólatrjáasala og jólamarkaður .....	13
Jólatrjáasala .....	14
Útivistarmannvirki .....	15
Furulundur .....	15
Göngustígar .....	15
Fræðslu- og kynningarmál .....	16
Landnemar .....	16
Fuglaskoðunargöngur .....	16
Erindi um skógræktarstefnu í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur .....	16
Fræðslugöngur og móttökur .....	17
Þróun arðbærs skógariðnaðar í Heiðmörk .....	17
Lýðheilsurannsókn .....	17
Myndlistarsýning í Heiðmörk – Fálmar, bönd og barist um ljósið.....	17
Fræðsluerindi fyrir Landnemahóp Ásatrúarfélagsins .....	18
Fyrirlestrar, fræðslugöngur og aðstoð við nemendur í tveimur vöruhönnunaráföngum nemenda við Listaháskóla Íslands .....	18
Landnemahópur Rótaryklúbbs Breiðholts.....	18
Önnur svæði .....	19
Fellsmörk .....	19

Esja.....	19
Reynivellir.....	20
Ýmis verkefni.....	21
Skógræktarstefna fyrir aðalskipulag Reykjavíkurborgar .....	21
Samstarf við Bílaleigu Akureyrar .....	21
Viðburðir .....	22
Jólatré til Færeyinga.....	22
Skuggaskógur í Öskjuhlíð.....	22
Græna Helgin .....	22
Borgartréð í garði Ásmundarsafns .....	22
Minningarreitur um atburðina í Noregi 22. júlí 2011 .....	23
Samstarfs- og styrktaraðilar .....	26
Skýrsla formanns .....	27

#### **Höfundar**

Gústaf Jarl Viðarsson  
Helgi Gíslason  
Sigurjón Eyjólfsson  
Sævar Hreiðarsson  
Þorvaldur S. Þorvaldsson  
Þróstur Ólafsson

#### **Umsjón**

Einar Örn Jónsson  
Helgi Gíslason

#### **Aðstoð við uppsetningu**

Ragnhildur Freysteinsdóttir

#### **Ljósmyndir**

Alan Brockie  
Elvar Sigurgeirsson  
Gústaf Jarl Viðarsson  
Markús Örn Antonsson  
Maros Vargo  
Sara Riel  
Sævar Hreiðarsson

## Inngangur

Skógræktarfélag Reykjavíkur tók þátt í gerð skógræktarstefnu fyrir Reykjavíkurborg í góðu samstarfi við sveitarfélagið. Í kjölfarið var sú stefna notuð við gerð kafla í aðalskipulagi Reykjavíkur og fékk heitið Borgarskógar. Þetta var tímamótaverkefni í skipulagsmálum og hafa fleiri sveitarfélög og skógræktarfélög hugsað sér að taka upp þessa aðferðarfræði. Meginniðurstaða stefnunnar og skipulagsins var að auka mætti skógarþekju Reykjavíkurborgar úr 13% í 25% af heildarflatarmáli sveitarfélagsins.

Í fyrsta skipi var gerður samstarfssamningur á milli Garðabæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um rekstur Heiðmerkur. Bæjarstjóri og formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur undirrituðu samninginn í Vífilsstaðahlíð að viðstöddu fjölmenni sem þar kom í heimsókn í tengslum við aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var í Garðabæ. Samningurinn er til tveggja ára og greiddar eru 5 milljón kr. árlega til þjónustu og framkvæmda í Garðabæjarhluta Heiðmerkur.

Stefnumótun félagsins frá árinu 2006 var tekin til endurskoðunar og hefur hún verið kynnt á heimasíðu félagsins - [www.heidmork.is](http://www.heidmork.is). Hún gildir til ársins 2017 og tekur á flestum þáttum í starfsemi félagsins.

Lóð félagsins á Suðurlandsbraut 68 var seld fyrir 70 milljónir króna. Félagið eignaðist lóðina eftir sölu á Fossvogsstöðinni á sínum tíma. Þegar Fossvogsstöðin var seld átti að greiða hluta andvirðisins með því að Skógræktarfélagið fengi lóð inni í ræktunarsvæðinu í Fossvogsstöðinni. Þegar félagið kallaði eftir lóðinni kom í ljós að Reykjavíkurborg vildi ekki láta félagið fá lóð þar og var ákveðið að í stað hennar fengi félagið lóð við Suðurlandsbraut.

Anna Sigrún Böðvarsdóttir lést á árinu. Anna Sigrún, ásamt fjölskyldu sinni, annaðist um Elliðavatnsbæinn um árabíl fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur. Gerði hún það af alúð og á þann hátt að þetta menningarhús héldi sem best reisin sinni.

Með verulegum aðhaldsaðgerðum og nýjum rekstrarsamningum við Reykjavíkurborg/Orkuveituna (gerð var grein fyrir þeim samningi í síðustu ársskýrslu) og Garðabæ skilaði félagið um 14 milljóna króna afgangi af rekstrinum 2013. Það er viðsnúningur frá því sem verið hefur undanfarin ár þegar félagið hefur verið rekið með halla enda engir samningar í gildi um Heiðmörk og rekstrarframlag í engu samræmi við þá þjónustu sem félaginu bar að sinna þar.

Óhætt er að segja að fræðslu- og kynningarstarf Skógræktarfélags Reykjavíkur hafi verið með miklum blóma á síðasta ári. Félagið tók þátt í fjölmörgum uppákomum og viðburðum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Of langt mál er að telja þá alla upp en fjallað er um þá helstu í þessari skýrslu svo sem Jólamarkaðinn, val á borgartrénu, gerð minningarreits um atburðina í Útey og jólatréð úr Heiðmörk sem Reykjavíkurborg færði Færeyingum að gjöf. Mikilvægt er að Skógræktarfélagið hlúi vel að þessum þætti í starfi sínu enda stuðlar hann að auknum skilningi og velvild fólks í garð félagsins og þeirrar starfsemi sem það stendur fyrir.

Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri

## Lykiltölur

	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Ársverk samtals	18	23,8	16,5	17,8	15,6	20,3
<i>Félags- og fræðslustarf</i>						
Félagar (í árslok)	1.174	1.169	1.176	1.172	1.077	1.040
Fræðsluerindi	17	23	17	6	2	12
Pátttakendur í fræðslu - áætlað	630	690	800	400	40	420
Viðburðir og móttökur	12	6	10	5	4	9
Barnastundir	30	30	30	30	16	10
Pátttakendur í viðb. og mótt.- áætlað	14.980	11.000	12.000	10.000	9.000	10.000
<i>Landnemar og sjálfboðaliðar</i>						
Heiðmörk	138	140	140	140	141	142
Esjuhlíðar	2	2	2	2	2	2
Fellsmörk	42	37	37	37	37	37
<b>Samtals</b>	<b>182</b>	<b>197</b>	<b>197</b>	<b>179</b>	<b>180</b>	<b>181</b>
Móttaka landnemahópa	25	21	24	20	10	9
Fjöldi landnema við gróðursetningu	300	250	480	300	100	150
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningu	2	2	1	1	2	1
Fjöldi þátt. við gróðursetningu fyrirt.	60	60	60	60	50	20
Skólanemar, frætísla og sáning, gróðursett með Yrkju	344	0	0	420	0	0
<i>Skógræktarframkvæmdir</i>						
Gróðursettar plöntur	249.959	190.315	99.772	89.104	128.437	156.258
Nýir stígar (km)	0	0,5	0	0,4	0,3	0,7
Áburðargjöf (tonn)	3	0,5	1,5	2	2	0,4
Grisjun (ha)	6,2	4,5	4,8	4,6	7	7
Seld jólatré (stk.)	2.990	2.404	2.487	1.689	1.723	1.766
Trjákurll (laus m <sup>3</sup> )	60	100	70	85	13	68
Bolviður (lengdarmetrar)						438
Bolviður (fastur m <sup>3</sup> )	165	35	85	5	7	66
Eldiviður (fastur m <sup>3</sup> )	2	6	19	189	317	154
<i>Rekstrareiningar:</i>						
Stígar (km)	41,9	42,4	42,4	42,8	43,1	43,8
Viðhald stíga (km)			0,5	1,5	10	5
Áningarstaðir	10	10	10	10	10	11
Borð og bekkir	40	40	35	30	31	30
Salerni	3	0	0	0	1	3
Ruslakassar	20	20	15	15	15	18
Grill	13	13	13	13	15	14
Esjuhlíðar, ný skilti	0	0	1	0	0	0
Heiðmörk, ný skilti	67	6	0	0	2	5
<i>Vélar og tæki:</i>						
Bílar (2), dráttarvél, sláttutraktor, snjósleði, sexhjól.						
Kerrur og vagnar	5	5	4	4	4	5
Keðjusagir	4	4	3	5	8	10
Skógarútkeyrsluvél			1	1	1	1
Eldiviðarkljúfur				1	1	1
Stórviðarsög						1

## Félagsmál

### Félagatal

Fjöldi félaga í lok ársins var 1.034. Af skrá var tekinn 51 en 13 bættust við. Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

### Aðalstjórn

Formaður:	Þröstur Ólafsson
Varaformaður:	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ritari:	Lilja Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Auður Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Gunnlaugur Claessen
	Inga Rósa Þórðardóttir
	Jóhannes Benediktsson
	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

### Varastjórn

Hjalti Elfsson  
Ragnheiður Ólafsdóttir  
Sigurður G. Tómasson  
Þorsteinn Tómasson

### Skoðunarmenn

Aðalmenn:	Sveinbjörn Dagfinnsson
	Þorvaldur S. Þorvaldsson
Varamenn:	Karl Eiríksson
	Sturla Snorrason
Endurskoðandi:	Einar Hafliði Einarsson



## Starfsmenn

Eftirtaldir voru fastir starfsmenn félagsins:

Gústaf Jarl Viðarsson  
Helgi Gíslason  
Sævar Hreiðarsson

Skógfræðingur  
Framkvæmdastjóri  
Skógfræðingur

## Skipting ársverka

	2010		2011		2012		2013	
	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk
Starfsmenn félagsins	5	5,0	5	4,7	4	3,5	3	3,0
Vinnuskólinn	50	4,6	15	1,3	15	1,3	8	1,0
Landsvirkjun	18	4,7	18	4,7	18	4,7	15	3,1
British Volunteers	5	0,8	5	0,2	5	0,2	5	0,6
Atvinnuátak Reykjavík	23	1,3	43	6,4	12	5	10	10,0
Atvinnuátak Garðabær							10	0,2
Landnemar	540	0,5	360	0,3	100	0,1	100	0,1
Störf á jólavertíð	14	0,2	14	0,2	8	0,25	10	0,3
Landsnet							11	2,0
<b>Samtals</b>	<b>656</b>	<b>18,2</b>	<b>461</b>	<b>17,8</b>	<b>23,8</b>	<b>17,8</b>	<b>172</b>	<b>20,3</b>





## Rekstrarreikningur

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Framlög .....	38.302.617	28.153.814
Innborguð félagsgjöld .....	1.442.890	1.455.097
Seldar vörur og þjónusta .....	15.363.053	17.018.209
Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna .....	19.914.457	17.180.845
Leigutekjur .....	2.686.359	2.808.999
Aðrar tekjur .....	883.638	0
	<u>75.593.014</u>	<u>66.616.964</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	(26.081.055)	(32.909.435)
Rekstur fasteigna .....	(2.779.945)	(6.604.002)
Viðhald og rekstur svæða .....	(19.239.550)	(14.665.824)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	(7.481.552)	(7.900.967)
Annar rekstrarkostnaður .....	(5.029.645)	(2.167.983)
Jarðvinnsla við varnargarða .....	0	(5.317.958)
Afskriftir fastafjármuna .....	(3.357.563)	(3.178.650)
	<u>(63.969.310)</u>	<u>(72.744.819)</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>	14.623.704	(6.127.855)
Fjármunatekjur .....	9.705.536	9.712.401
Fjármagnsgjöld .....	(345.755)	(148.332)
	<u>23.983.485</u>	<u>3.436.214</u>
<b>Hagnaður fyrir óreglulega liði</b>		
Söluhagnaður af lóð.....	<u>70.000.000</u>	<u>0</u>
<b>Hagnaður ársins</b>	93.983.485	3.436.214

## Efnahagsreikningur

### Efnahagsreikningur 31. desember 2013

<b>Eignir</b>	<b>31.12.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
<b>Fastafjármunir</b>		
Fasteign og lóðaréttindi .....	44.544.000	73.022.000
Áhöld og tæki .....	15.937.497	11.503.422
Fjárfestingasjóður .....	253.310.819	170.209.713
	<u>313.210.819</u>	<u>254.735.135</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Viðskiptakröfur .....	8.985.325	11.001.304
Handbært fé.....	14.267.495	6.430.810
	<u>23.252.820</u>	<u>17.432.114</u>
<b>Eignir</b>	<u>337.463.639</u>	<u>272.167.249</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Sérstakur endurmatsreikningur .....	44.544.000	73.022.000
Óráðstafað eigið fé .....	285.143.741	190.232.256
Eigið fé	<u>329.687.741</u>	<u>263.254.256</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	3.323.896	2.398.649
Aðrar skammtímaskuldir .....	4.452.002	6.514.344
Skuldir	<u>7.775.898</u>	<u>8.912.993</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>337.463.639</u>	<u>272.167.249</u>

## Heiðmörk


### Nýr þjónustusamningur

Nýr samningur um rekstur og þjónustu í Heiðmörk var undirritaður í ársbyrjun af Jóni Gnarr borgarstjóra, Presti Ólafssyni, stjórnarformanni Skógræktarfélags Reykjavíkur og Bjarna Bjarnasyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.

Sameiginlegt markmið aðila með samningnum er að standa vörð um neysluvatnsauðlindina í Heiðmörk, efla og bæta útivistarsvæði Reykvíkinga á svæðinu og gera það eftirsóknarverðara til útivistar. Auk vatnsverndar skal sérstök áhersla lögð á að halda við og bæta skóglendi í Heiðmörk og auk fræðslu til almennings, félagasamtaka og skóla.

Samningurinn er gerður til tíu ára og samkvæmt honum greiða Orkuveita Reykjavíkur og Reykjavíkurborg Skógræktarfélagi Reykjavíkur endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er og nemur greiðslan til Skógræktarfélagsins fyrir árið 2013 tæplega 40 milljónum króna, þar af greiðir Reykjavíkurborg tæpar 33 milljónir og Orkuveitan tæplega 7 milljónir.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í ágúst var síðan undirritaður samningur við Garðabæ um þjónustu þess hluta Heiðmerkur sem liggur innan bæjarmarka Garðabæjar en það er aðallega Vífilstaðahlíðin.



### Vatnsvernd

Sumarið 2013 var Elliðavatn sett á Veiðikortið og var nokkur aukning á veiðimönnum þetta árið. Það er mjög vinsælt að veiða af og við brúna og er bílum lagt með vatninu austan megin. Sumarið 2012 rann bifreið af stæðinu út í vatnið og til að varna því að fleiri fari sömu leið settu starfsmenn félagsins svera trjádrumba framan við bílastæðið.

Hefð er fyrir hóflegri áburðargjöf við gróðursetningu trjáplantna og á grasbletti við áningarsvæði innan Heiðmerkur. Yfirleitt eru sett um fimm gr. af áburði á hverja plöntu við gróðursetningu og gróðursettar að jafnaði um 3000 plöntur á hektara. Plönturnar sem eru gróðursettar og annar gróður á svæðinu taka auðveldlega upp svo lítið magn áburðar sem í heild sinni er um 15 kg á hektara. Til prufu var samt ákveðið að sleppa áburðargjöf í ár þar sem áhersla var lögð á að gróðursetja í svæði þar sem lúpínar hefur myndað frjósaman jarðveg. Með því að hætta að bera á grasflatirnar minnkar þörf á slætti og samsetning grasa og jurta mun breytast með tímanum og flóran verður fjölbreyttari.

Jafnframt sinntu starfsmenn Skógræktarfélagsins almennri umhirðu á svæðinu, hreinsuðu rusl og hirtu um áningarstaði. Með góðri umhirðu, reglulegu eftirliti og hreinu og snyrtilegu friðlandi er stuðlað að jákvæðari upplifun, meiri virðingu og betri umgengni gesta.

## Skógur og landsvæði

### Gróðursetningar

Gróðursetningar 2013					
Tegund	Heiðmörk	Esja	Fellsmörk	Samtals	Yfirvetrað
Birki	24.065	28.880	6.030	58.975	
Sitkagreni/bast.	22.070	3.450	1.520	27.040	
Stafafura	27.373	11.755		39.128	
Evrópulerki			500	500	
Rússalerki	7.077	3.643		10.720	
Loðvíðir				0	80
Gulvíðir	400			400	400
Reyniviður	1.027			1.027	
Alaskaösp	9.030			9.030	
Ýmsar tegundir	192			192	
Skógarfura	4.680			4.680	
Fjallapínur	600			600	400
Hengibjörk	1.896			1.896	
Bergfura	670	670		1.340	
Lindifura	1.000			1.000	
<b>Samtals</b>	<b>100.080</b>	<b>48.398</b>	<b>8.050</b>	<b>156.528</b>	<b>880</b>

#### Ýmsar tegundir í töflu að ofan:

Alaskaepli, alaskayllir, alpareynir, askur, baunatré, bergreynir, bláber, bláriefs, blóðheggur, blæölur, bogsasýrena, broddhlynur, brómber, dúntoppur, dögglingsþyrnir, epli, fagursýrena, fjallagullregn, fjallarós, fjallapöll, garðahlynur, garðakvistill, gljáhlynur, glæsitoppur, gojiber, gráelri, gráreynir, gullriefs, gultoppur, haustreynir, heggur, hengibjörk x ilmbjörk, héluriefs, hindber, hlíðaramall, ilmreynir, ígulrós, jarðaber, kirsuber, klukkutoppur, knappareynir, kóreulífviður, lindifura, logalauf, marþöll, pera, perlureynir, plóma, rauðblaðarós, rifs, roðakirsi, rósareynir, rúbínreynir, rússaþyrnir, silfurreynir, skrautreynir, snjóber, sólber, spörvareynir, sumareik, surtartoppur, svartaskur, sýrena, tayber, úlfareynir, úlfarunni, valhallarkvistur og virgínúheggur.

### Grisjun

Í byrjun árs var haldið áfram með grisjun furureita við Myllulækjartjörn og efni flutt heim til vinnslu. Einnig var farið yfir jólaskóginn við Háamel, tekin niður tré sem voru hálf-hoggin og grisjað létt yfir stóran hluta svæðisins eða um 7 hektara. Þá var grisjað áfram í elsta hluta skógarins í Vífilsstaðahlíð, samtals um 3 hektarar af skóglendi, aðallega greni og fura frá árunum 1970-1985. Furan er nýtt til eldiviðarframleiðslu en bestu stökkarnir eru teknir frá til sögunar. Grenið sem er grannvaxið (spírulagað) er tekið frá í fullri lengd þar sem nokkur eftirspurn er eftir slíku efni, meðal annars í fánastangir, trönuhjalla, hestagerði og útítjöld (Tipi/Teepee). Bestu grenibolirnir voru teknir frá og sagaðir í borð og bjálka. Hluti efnisins er seldur óunnið sem bolviður en efni sem er lakara að gæðum er kurlað í stórsekkki. Það efni sem félagið getur ekki unnið úr, selt eða nýtt á annan hátt er selt til Skógræktar ríkisins, sem kurlar það fyrir Járblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Um haustið var hafin grisjun á Heimaás, austan við skemmuna. Þeir reitir eru vaxnir 25 ára gömlu greni, furu og birki og var furan og birkið nýtt í eldivið, en grenið var kurlað, flett eða selt sem bolviður.

## Tæki og tól

Hlynur Möller, sem starfaði hjá félaginu, kom fyrir rafmagnsmótor á viðarkleyf sem áður var knúinn með dráttarvél og náðist mikill sparnaður með þeirri ráðstöfun. Samningar náðust við Pétur Guðmundsson frá Ófeigsfirði um kaup á notaðri KARA stórviðarsög sem sótt var á Strandir í haust. Sögin hefur reynst vel og varð til ágætur lager af flettu efni sem lagður var til þurrkunar í útiskýli.

Báðir bílar félagsins voru yfirfarnir og gerðar á þeim útlitsbætur af Guðmundi Albertssyni til að undirbúa endurnýjun. Var stærri pallbílnum, sem er eyðslufrekur dísilbíll, skipt út fyrir öflugan en mun léttari bíl (Ford 150) sem gengur fyrir metangasi.

## Atvinnuátak

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur haldið áfram samstarfi við Reykjavíkurborg um atvinnuátaksverkefni. Atvinnulausum Reykvíkingum er gefinn kostur á því að fá hálfis árs samning þar sem þeir vinna sem starfsmenn borgarinnar, en Skógræktarfélagið sér um verkstjórn. Starfsmenn á vegum atvinnuátaks eru að jafnaði um tíu og sinna þeir margvíslegum verkefnum, aðallega í Heiðmörk en einnig á öðrum starfssvæðum félagsins. Helstu verkefni atvinnuátaks voru grisjun og umhirða í Heiðmörk, lagning og viðhald göngustíga í Heiðmörk, eldiviðarvinnsla, viðhald á vélum, tækjum og húsum og gróðursetning í Esju.

## Jólatrjáasala og jólamarkaður

Að venju var haldinn jólamarkaður við Elliðavatnsbæinn, en hann var starfræktur adventuhelgarnar fjórar fyrir jól. Þar hafði Skógræktarfélagið jólatré til sölu og opnað var kaffihús í kjallara Elliðavatnsbæjarins, auk þess sem hinn sívinsæli handverksmarkaður var á sínum stað. Jafnframt gafst fólki tækifæri á að heimsækja jólaskóginn í Hjalladal og sækja sér sitt eigið jólatré. Að þessu sinni opnaði Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, skóginn formlega þegar hann felldi fyrsta tréð ásamt syni sínum.



## Jólatrjáasala

Jólatré –sala	2010	2011	2012	2013
Heildsala	253	0	0	0
Jólaskógur	936	941	1.218	1.340
Tröpputré í jólaskógi	35	0	5	0
Torgtré	9	10	13	14
Skólatré	13	12	8	10
Leikskólatré	6	8	7	10
Veggtré	59	30	17	22
Tröpputré í heildsölu	96	121	21	40
Tröpputré, Elliðavatni	270	226	118	115
Jólatré, Elliðavatni	371	341	316	215
<b>Samtals</b>	<b>2.487</b>	<b>1.689</b>	<b>1.723</b>	<b>1.766</b>

Jólatré –tegundir 2013	Stafaf.	Blágr.	Rauðgr.	Sitkagr.	Fjallaþ.	Samtals
Jólaskógur	940	10		388	2	<b>1.340</b>
Tröpputré, heildsala	20					<b>40</b>
Torgtré				14		<b>14</b>
Skólatré	2	1	7			<b>10</b>
Leikskólatré	10					<b>10</b>
Veggtré			22			<b>22</b>
Tröpputré, Elliðavatni	115					<b>115</b>
Jólatré, Elliðavatni	172		14	27	2	<b>215</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.259</b>	<b>11</b>	<b>43</b>	<b>429</b>	<b>4</b>	<b>1.766</b>



## Útivistarmannvirki

### Furulundur

Sumarið 2014 fékk Skógræktarfélag Reykjavíkur styrk frá borginni til þess að ráðast í gagngerar endurbætur á fjölskyldurjóðrinu Furulundi í Heiðmörk. Þetta var umfangsmesta verkefni sumarsins í Heiðmörk og naut félagið við það ráðgjafar verkfræðistofunnar Eflu. Um einn hektari skóglendis var grisjaður í kringum lundinn. Horft var útivistargildis skógarins við grisjun og þannig stuðlað að aukni rými fyrir fjölbreyttari hóp tegunda trjáplantna og betri vaxtarskilyrði þeirra trjáa sem þar standa.

Gömul leiktæki voru gerð upp, ný róla sett upp og vinsælt jarðhýsi betrubætt og endurbyggt af starfsmönnum Skógræktarfélagins. Þá var ráðist í umtalsverðar endurbætur á leikhúsi og notaður til þess efniviður úr skóginum. Steinunn Ósk Óskarsdóttir, hönnuður og þátttakandi í atvinnuáttaksverkefni, hannaði einstakt útiborðtennisborð sem sett var upp á efri flötina sunnan við bílastæðið. Borðið er það eina sinnar tegundar hér á landi. Tryggvi Gunnar Hansen hleðslumaður hannaði og hlóð glæsilegt eldstæði þar sem steipt grill stóðu áður. Nýjum ruslatunnum var komið upp og yfirborð bílastæðis endurnýjað og skipt upp með stórum hnullungum.

Gróðursettar voru um 50 tegundir trjáa og runna, alls 155 pottaplöntur, sem keyptar voru í gróðrarstöðinni Þöll í Hafnarfirði. Þeim var fundinn staður víða í Furulundi, gjarnan í jöðrum hins grisjaða rjóðurs.



### Göngustígur

Göngustígurinn sem liggur suður fyrir Helluvatn var orðinn torfær í leysingum og á köflum var gróður vaxinn yfir stíginn. Til að bæta úr þessu var í sumar snyrtur gróður meðfram stígnum og lagt malarefni yfir þann hluta sem nauðsynlegt þótti. Fyrir nokkrum árum var hafist handa við lagningu göngustígs sem liggur meðfram Hjallabraut að norðan. Liggur þessi stígur frá bílastæði við Hjallabraut þar sem göngustígakerfið liggur um frá Elliðavatni og inn á heiðina sunnan við Heiðaveg. Er búið að leggja mól á um 500 metra og í sumar var leigð grafa til að jafna um 300 metra af torfærum hluta leiðarinnar og mól lögð yfir þann hluta í kjölfarið. Enn er eftir að klára um 400 metra til þess að ná fyrsta áfanga sem nær að braut sem

liggur að bílastæði við Hjallabraut.

Hópur ungmenna frá Landsvirkjun undirbjuggu lagningu á framhaldi á göngustíg sem liggur frá bílastæði við Hjallabraut og sem tengist nú inn á göngustíg sem liggur frá vatnsveituvegi meðfram hrauninu og í Þjóðhátíðarlundinn. Starfsmenn Skógræktarfélagins sáu um að keyra malarefni og jafna út í allar viðbætur og viðgerðir.

## Fræðslu- og kynningarmál

### Landnemar

Í tilefni Dags íslenskrar náttúru gróðursetti sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi í Markland, reit sendiráðsins í Vífilsstaðahlíð. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) tóku að sér landreit austan við Hjallabraut þar sem Strýpuhraun teygir sig næst veginum. Búið er að setja upp vegleg skilti bæði við bílastæði og við gangstíg sem liggur að reitnum. Reiturinn var svo vígður á afmæli samtakanna. Staðið hefur til að yfirfara skiltin sem standa við reitina en vegna anna hefur það tafist. Skógræktarfélagið hefur útvegað efnivið til skiltagerðar og aðstoðað við uppsetningu en að öðru leyti felst stuðningur félagsins til landnema aðallega í ráðgjöf, að leggja til plöntur og láni á handverkfærum.

### Fuglaskoðunargöngur

Edward Rickson frá Fuglavernd leiddi göngu í samstarfi við félagið þann 4. júlí þar sem hann fræddi gesti um fjölbreytt fuglalíf Heiðmerkur. Á degi íslenskra náttúru kom Aron Leví Rúnarsson fyrir hönd Fuglaverndar og fræddi gesti um fugla og flóru Heiðmerkur ásamt Sævari Hreiðarssyni frá Skógræktarfélaginu.



### Erindi um skógræktarstefnu í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur

Skógræktarfélag Reykjavíkur starfaði að stefnumótun á skógræktarstefnu í nýju aðalskipulagi reykjavíkur. Gústaf Jarl Viðarsson, sem leiddi vinnuna fyrir hönd Skógræktarfélagins, hélt kynningu á henni á aðalfundum Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Íslands.



## Fræðslugöngur og móttökur

Skógræktarfélagið kom að nokkrum fræðslugöngum á árinu, meðal annars um Grasagarðinn í Reykjavík þar sem fræðst var um trén í garðinum og þau skoðuð út frá sögu trjáræktar í borginni. Tekið var á móti nemendum í Útivistarskógaáfangi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Stoppað var á öllum helstu áningarstöðum í Heiðmörk og gengið um í Vífilsstaðahlíð.

Þá var norskum skógfræðinemum sem voru gestir Skógræktarfélags Íslands boðið upp á fræðslugöngu um Heiðmörk.

## Þróun arðbærs skógariðnaðar í Heiðmörk

Verkefnið *Þróun arðbærs skógariðnaðar í Heiðmörk* var unnið hjá EFLU verkfræðistofu sumarið 2013 undir handleiðslu Jóhannesar Benedikssonar og var það styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Viðarvinnsla og timburiðnaður eru lykilþættir í því að nýta skógarauðlindir Íslands sem best og á arðbæran hátt. Með því að saga timbur í borð og fjalir, þurrka það, hefla það og vinna úr því afurðir má auka verðmæti timbursins til muna. Fáar viðarafurðir hafa verið í boði á höfuðborgarsvæðinu og þar sem Heiðmörk er einn stærsti og elsti skógurinn á höfuðborgarsvæðinu eru þar mikil tækifæri fyrir timburvinnslu og sölu timburafurða. Því var lögð til vinnslulína á starfssvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk sem felur í sér flettingu bolviðar í fjalir, klofningu eldiviðar, þurrkun viðar, geymslu, úrvinnslu, heflun, flokkun og gæðamat.

Fyrir viðarvinnsluna í Heiðmörk er mikilvægast að taka í gegn þurrkunina í vinnslulínunni. Kostirnir við að þurrka timbur eru meðal annars að það endist lengur, er léttara og sterkara og það fæst meiri orka út úr því við bruna. Því var fjallað um hvernig þurrkun fer fram og farið yfir helstu aðferðir á þurrkun eldiviðar og borðfjala. Í því samhengi var þurrklíkani stillt upp til að meta þurrktíma og rafmagnsnotkun við mismunandi þurrkun. Ekki er heitavatsleiðsla á svæðinu og því þarf hitara eða tæki sem er bæði hitari og rakapétitæki til að þurrka timbrið. Kannað var hvaða tækjakostur er í boði og út frá honum var nokkrum valkostum stillt upp. Borinn var saman stofnkostnaður, rekstrarkostnaður og afköst hvers valkosta.

Lagt var til að reist yrði geymsluskýli sem er mikilvægt til að hlífa timbrinu fyrir veðri. Þá er líka hægt að forþurrka það með loftþurrkun. Þá var rætt um fullnýtingu efniviðarins, úrvinnslu timbursins og önnur atriði í vinnslulínunni eins og grisjun og sögun. Í lokin voru teknar saman tillögur, lagðar til áframhaldandi rannsóknir og sett fram aðgerða- og framkvæmdaáætlun.

## Lýðheilsurannsókn

Á vormánuðum kom Gunnþóra Ólafsdóttir, ásamt samstarfsfólki sínu, í Heiðmörk til að útfæra hluta af lýðheilsurannsókn sem hún stendur að. Rannsókn hennar lýtur meðal annars að því hvort útivist og hreyfing í skógivöxnu umhverfi hafi augin heilsusamleg áhrif á fólk umfram þá sem stunduð er innanhúss. Félagið lagði til vinnuskúr og aðstöðu við Borgarstjórplanið. Gunnþóra er fræðimaður við Háskólann í Lúxemborg og verkefnið ber titilinn; Breathing Spaces: Relating to Nature in the Everyday and its Connections to Health and Well-Being (BREATH)

## Myndlistarsýning í Heiðmörk – Fálmar, bönd og barist um ljósið

Í samstarfi við Myndhöggvarafélagið í Reykjavík fékk Skógræktarfélag Reykjavíkur styrk frá Reykjavíkurborg til þess að halda myndlistarsýningu við Elliðavatn og í Vífilsstaðahlíð. Þar sýndu myndlistarmennirnir Haraldur Jónsson, Karlotta Blöndal, Unndór Egill Jónsson og Sara Riel hvert um sig myndlistarverk í skóginum. Verk á sýningunni voru gerð í huga ýmist með þátttöku gesta eða sem varanlegar innsetningar í skóginum.

## Fræðsluerindi fyrir Landnemahóp Ásatrúarfélagsins

Ásatrúarfélagið óskaði eftir fræðsluerindi vegna mismunandi skoðana félagsmanna um notkun tegunda í landnemaspildu. Fræðslufulltrúi varð við þeirri beiðni og hélt erindi um trjáækt og tré sem hafa vaxið á Íslandi frá örófi alda.

## Fyrirlestrar, fræðslugöngur og aðstoð við nemendur í tveimur vöruhönnunaráföngum nemenda við Listaháskóla Íslands

Skógræktarfélag Reykjavíkur tók þátt í kennslu og að leiðbeina nemendum í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Um er að ræða áfanga sem oft hefur verið nefndur Beint frá býli, en nokkur þróun hefur orðið á þeim áfanga. Markmið áfanganna var að kynna nemendur fyrir þeim efnivið sem fellur til í skóginum í Heiðmörk og þróa úr þeim vörur. Í fyrri áfanganum var áhersla á að skoða efniviðinn, eiginleika hans og klassískar aðferðir við meðhöndlun hans. Þar var Ólafur Oddson gestakennari (tálgað og Lesið í skógin) og kennsla fór fram í Heiðmörk, bæði í skógræktarbækistöð sem og á Elliðavatnsbæ og nágrenni. Nemendur hönnuðu og bjuggu til vöru úr efninu í Heiðmörk. Seinni áfanginn fjallaði meira um að hanna úr efnivið og kanna möguleika á að færa framleiðsluna til annarra framleiðenda. Aðkoma Skógræktarfélagsins að því snéri að mestu að útvega nemendum efni og ráðleggja þeim um eðliseiginleika viðarins hverju sinni.

## Landnemahópur Rótarýklúbbs Breiðholts

Landnemahópur Rótarýklúbbs Breiðholts efndi til fjölskyldu- og gróðursetningardags í Heiðmörk. Á meðal plantna voru tveggja metra háar birkiplöntur sem voru sérstaklega ræktaðar fyrir félagið af kvæmum sem nefnast Embla og Kofoed. Bæði kvæmin hafa verið sérstaklega kynbætt af Þorsteini Tómassyni, félaga í Rótarýklúbbs Breiðholts og er ilmbjörkin af Kofoed-kvæminu sú fyrsta sinnar tegundar sem gróðursett er. Starfsemi Rótarýklúbbs Breiðholts í landnemaspildunni hafði legið niðri um nokkurra ára skeið en hefur nú verið endurvakin.



## Önnur svæði

### Fellsmörk

Á Felli var vegurinn frá varnargarði að Einbúa lagaður með jarðýtu og valtaður. Ræsi voru sett aftur í lækina á þessari leið en þau voru nothæf þrátt fyrir að hafa lent í ánni. Einnig var vegur upp Gilbraut valtaður og úrrennsli lagað.

Klárað var að setja plaststaura í girðinguna og var fullur straumur á girðingunni fram eftir sumri þar til mikill grasvöxtur fór að valda útleiðslu.

Í Keldudal var borið ofan í grófustu kaflana frá Keldudalslæk inn í Krók og ræsisrör sett í tvo læk á þeirri leið. Borið var ofan í hluta af Hlíðarbraut. Farið var með girðingum og þær lagfærðar. Fullur straumur var á öllum hringnum fram eftir sumri en lúpínan hefur breitt mikið úr sér á hluta girðingarstæðisins og er því erfitt að halda fullum straum á allt sumarið. Landnemar gróðursettu liðlega 8000 plöntur í sumar.

### Esja

Frá byrjun júní fram undir miðjan ágúst mánuð starfaði gróðursetningarárópur frá Landsneti í Esjuhlíðum. Hópurinn vann undir stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur, aðallega við gróðursetningar, en einnig við áburðargjöf og viðhald göngustíga. Gróðursettar voru plöntur sem fengust í gegnum Landgræðsluskóga, aðallega ilmbjörk og stafafura, en einnig var gróðursett talsvert af sitkagreni og rússalerki. Kaffistofugámur var fluttur á svæðið ásamt gámaklósetti til þess að gera aðbúnað starfsmanna betri.

Unnið var við viðhald stígsins frá bílplani og upp undir brú. Unnið var að viðhaldinu í maí-mánuði og var þá unnið við hreinsanir á ræsum og gerðar nýjar rásir til fráveitu í Þvergili. Þar voru einnig lagaðir kantar og þrep. Í júlí var unnið við sáningar í rof í Þvergili eftir gröfu sem hafði lagfært stíginn árið á undan. Í september var síðan lagfært vatnsrof á stígnum sem víða hafði orðið á honum eftir óvenju vætusamt sumar. Verkstjóri Skógræktarfélagsins vann að verkefninu ásamt hópum fólks frá Umhverfisstofnun og Landsneti. Bifreið og sexhjól félagsins var notuð í verkefnið svo og verkfæri. Þá var Efla verkfræðistofa fengin til að skoða stíginn og gera um hann áætlun. Þeirri áætlun er ekki lokið en er á lokastigi. Íslandshótel veittu tveggja milljóna kr. styrk til gróðursetningar og endurbóta á útivistaraðstöðu í Esjunni.



## Reynivellir

Í maímánuði fóru skógarverðir í skoðunarferð á Reynivelli og áttu fund með Gunnari Kristjánssyni prófasti og Önnu Margréti konu hans. Áttu þeir gott spjall um skógræktina, girðingar, vinnuskúr, Gíslagötu og margt fleira. Staðið hefur til að fjarlægja vinnuskúrinn sem liggur undir skemmdum og fóru starfsmenn félagsins nokkrar ferðir á Reynivelli í haust til að taka í sundur og losa skúrinn af festingum. Í desember var helmingur skúrsins sóttur og fluttur í Heiðmörk þar sem unnið er að endurbótum hans. Jafnframt voru jólatré sótt á Reynivelli og grisjað.



## Ýmis verkefni

### Skógræktarstefna fyrir aðalskipulag Reykjavíkurborgar

Skógræktarfélag Reykjavíkur vann skógræktarstefnu fyrir nýtt aðalskipulag Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg og Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá. Afrakstur þeirrar vinnu var gefinn út í hefti um Borgarskóga sem er fylgirit með nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Þar er fjallað um alla þá þjónustu sem skógar veita borgarbúum og skoðað af hverju við sækjumst eftir því að rækta skóga í og við borgir.

Skógræktarstefnan byggir á landfræðilegri greiningu, þar sem kortlagt hefur verið það svæði í sveitarfélaginu Reykjavík þar sem mögulegt er að rækta tré með tilliti til hitafars á sumrin. Á grunni þessara greiningar eru lagðar fram tillögur að svæðum sem gætu hentað til skógræktar og lýst markmiðum og leiðum til þess að koma útivistarskógum á legg. Þá er einnig fjallað um svæði sem nú þegar eru skógi vaxin og lýst markmiðum og leiðum um hvernig mætti bæta umhirðu eða útivistargildi þeirra. Á grunni þessarar stefnu hefur Reykjavíkurborg sett sér það markmið að auka flatarmál skóga í sveitarfélaginu úr 13% í 25%. Í starfshópnum sem vann Borgarskógaskýrsluna sátu Aðalsteinn Sigurgeirsson, Björn Traustason, Helgi Gíslason, Ólafur Sigurðsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson.



### Samstarf við Bílaleigu Akureyrar

Starfsfólk Bílaleigu Akureyrar - Höldurs í Reykjavík eru með landnemareit í Heiðmörk og eftir umleitan skógarvarðar við Jón Gest Ólafsson, gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra fyrirtækisins, komst á samstarf um lán á bifreið yfir annasöm tímabil. Reyndust bílarnir vel og vonumst við eftir framhaldi á samstarfinu. Bauðst starfsfólki útíbúsins í Reykjavík að koma í Heiðmörk og höggva sér jólatré.

## Viðburðir

### Jólatré til Færeyinga

Reykjavíkurborg færði vinaborg sinni, Þórshöfn í Færeyjum, jólatré úr reit Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk. Fyrir valinu varð riflega hálftrar aldar gamalt og tólf metra hátt sitkagreni. Með því vildi borgarstjóri sýna Færeyingum þakklætisvott fyrir vináttu þeirra í garð Íslendinga. Þetta var í fyrsta skipti sem Reykjavíkurborg færir Þórshafnarbúum jólatré en vonandi markar þessi viðburður upphafið að nýrri hefð.



### Skuggaskógur í Öskjuhlíð

Skuggaskógur í Öskjuhlíð er yfirskrift viðburðar sem skipulagður var í samstarfi við Massimo Santanicchia arkitekt sem fékk styrk fyrir ljósainsetningu í Öskjuhlíð. Skógræktarfélag Reykjavíkur skipulagði göngur og leiðsagði hópum um skógin að kvöldlagi. Alls voru sjö skipulagðar göngur um Öskjuhlíð á Vetrarhátíð í Reykjavík og mættu um 200 manns í þær.

### Græna Helgin

Umhverfisstofnun stendur árlega fyrir Grænu helginni, þar sem liðstjórar úr sjálfbóðaliðshópum sem starfað hafa um allt land, fræða ungt fólk um verklag við t.d. göngustígagerð. Í ár var Græna helgin haldin í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, dagana 5. og 6. október. Unnið var við endurbætur á Þverfellsstíg í Esjuhlíðum.

### Borgartréð í garði Ásmundarsafns

Borgartréð 2013 var ilmbjörk í garði Ásmundarsafns. Jón Gnarr borgarstjóri lagði blessun sína yfir tréð. Valgeir Guðjónsson samdi sérstaklega lag um borgartréð og flutti það ásamt leikskólabörnum. Þær Ingrid Sveinsson, eiginkona Ásmundar Sveinssonar og Anna Sveinsdóttir systir hans gróðursettu tréð á hvítasunnu árið 1944. Tréð stendur á besta stað í garðinum. Það greinist í sex greinar og hefur þjónað nokkrum kynslóðum Reykvíkinga sem klifurtré og gæti sú notkun hafa haft áhrif á lögun þess. Tréð er 4,7 metrar á hæð og hefur breiða krónu sem er um 8 metrar í þvermál.



### **Minningarreitur um atburðina í Noregi 22. júlí 2011**

Fljótlega eftir að fréttir bárust af atburðinum í Noregi þann 22. júlí 2011 var rætt í stjórnnum Norræna félagsins og Skógræktarfélags Reykjavíkur hvernig mætti minnst þessara voðaverka og sýna frændum okkar hlýhug og hluttekningu. Þorvaldur S. Þorvaldsson lagði fram frumdrög að minningarreit sem voru kynnt á stjórnarfundum félaganna. Báðir aðilar samþykktu hugmyndina og fólu Þorvaldi umsjón með framkvæmd verksins. Nokkrir staðir voru skoðaðir og ræddir en að lokum voru allir sammála um staðsetningu á lóð Háskóla Íslands, í jaðri friðlandsins í Vatnsmýri, í nánd við Norræna húsið. Þar með útnefndu Háskólinn og Norræna húsið formlega fulltrúa í starfshópinn. Haldin hafði verið hönnunarsamkeppni um útfærslu friðlandsins sem teiknistofa landslagsarkitekta Landmótun sf. vann og tóku þau að sér að sjá um útfærslu hugmyndarinnar og laga hana að skipulagi svæðisins. Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt var skipuð fulltrúi stofunnar og tók að sér þennan hluta verkefnisins.

Meðan verkefnið var í gerjun sátu formenn félaganna nokkra fundi ásamt Erni Þ. Þorleifssyni frá forlaginu Draumsýn. Undir lokin var með starfshópnum á fundum Ingólfur B. Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri Háskóla Íslands og Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar. Verkefnið hefur verið í forsjá Norræna félagsins. Þorvaldur S. stýrði hópnum og Ásdís Eva Hannesdóttir framkvæmdastjóri hefur verið styrkur bakhjarl allan tímann.

Lagður var grunnur að reitnum með hátíðlegri athöfn 13. júní 2012 þar sem feðginin Erik H. Sönsteli og Siri Marie Seim Söntelie gróðursettu hvert sína björkina af norsk-íslensku kvæmi sem Skógræktarfélag Reykjavíkur lagði til. Þau höfðu skrifað bókina „*Jag lever pappa*“ um atburðina sem bókaútgáfan Draumsýn var að kynna í íslenski þýðingu í Norræna húsinu.

Þegar kom til framkvæmda tók Reykjavíkurborg að sér fyrstu framkvæmdir og var þar með orðinn aðili að verkefninu. Gengið var frá formlegu samkomulagi um framkvæmdirnar og framtíð reitsins sem var undirritað á Menningarnótt 2012 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á sama tíma var opnuð sýning í ráðhúsinu sem Norræna félagið stóð að í tilefni 90 ára afmælis félagsins og fram fór formleg setning Höfuðborgamóts norrænu

höfuðborganna í Reykjavík. Vígsla reitsins fór fram á sama tíma þar sem fulltrúar norrænu höfuðborganna voru viðstaddir og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, formaður Norræna félagsins, fluttu ávörp.



Á þjóðhátíðardegi Norðmanna þann 17. maí 2013 var hátíðleg stund í reitnum þar sem Þorvaldur S. sagði frá reitnum, Hr. Dag Wernö Holter, sendiherra Norðmanna, flutti ávarp og þakkir, lúðrasveit lék og norskur kór frá Þrándheimi söng. Veðrið var yndislegt, reiturinn fallegur og góð stemning. Gaf þessi stund hugmynd um að reiturinn getur orðið aðstaða ýmissa samkoma.

Fyrir hátíðina 17. maí luku starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur við gróðursetningu 77 sérlega fallegra bjarka umhverfis reitinn í minningu þeirra sem létu lífið í Útey og Osló. Áður höfðu starfsmenn gróðursett átta fallega tveggja metra háa ilmreyni umhverfis minningarhringinn og gengið frá og fluttur til gróður sem fyrir var.


Starfshópurinn mun hittast áfram til að ganga frá lokaverkefnum og þar með ljúfri lýsingu inni í hringnum sem er hluti af hugmyndinni. Í starfshópnum eru: Þorvaldur S.



Þorvaldsson, frá Norræna félaginu; Helgi Gíslason, frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Katrín Ragnars, frá Norræna húsinu; Sigurlaug Ingibjörg Lövdal, frá Háskóla Íslands; Áslaug Traustadóttir, frá Landmótun sf. og Þórólfur Jónsson, frá Reykjavíkurborg.

### Lýsing á reitnum og hugmyndinni

Hringur er mótaður af granít kantsteinum og inni í hringnum er möl. Átta íslensk reynitré eru gróðursett í hring við kantinn sem tákna Norðurlöndin fimm og sjálfstjórnarsvæðin þrjú. Inni í hringnum eru bekkir, sem standa í höfuðáttirnar fjórar og á bakfjöl þeirra er skorið á fjórum tungum: *Í minningu um atburðina í Noregi 22. júlí 2011*. Umhverfis eru gróðursettar 77 íslenskar bjarkir í minningu þeirra sem létust í Útey og Osló. Þegar reynirnir vaxa verða stofnar þeirra stoðir um hof/kapellu, krónur þeirra orðnar að laufþaki og bjarkirnar að skjóltrefli. Þegar kannaðar voru aðstæður á staðnum fannst skeifuformuð jarðmön, sem var gleymd, en eru restar listaverks (hugmyndafræðileg list, Konseptlist) frá 50 ára afmælishátíð Norræna myndlistarsambandsins í Reykjavík 1995. Verkið er eftir sænsku listakonuna Gunnillu Bandolin og nefndist „Hóla á himinbotni“ og er nú hluti minningarreitsins. Listamaðurinn Jón Adólf Steinólfsson skar textann í borðin í baki bekkjanna.



## Samstarfs- og styrktaraðilar

Ásmundarsafn  
Bíla-leiga Akureyrar  
British Volunteers  
Garðabær  
Efla verkfræðistofa  
Félag landnema í Fellsmörk  
Fuglaverndarfélag Íslands  
Garðyrkjufélag Íslands  
Grasagarðurinn  
Háskóli Íslands  
Hjólreiðafélag Reykjavíkur  
Íslandshótel hf  
Landbúnaðarháskóli Íslands  
Landgræðsluskógar  
Landnemar í Heiðmörk  
Landnemar í Esjuhlíðum

Landsnet  
Landsvirkjun  
Listaháskóli Íslands  
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar  
Myndhöggvarafélag Reykjavíkur  
Náttúruskóli Reykjavíkur  
Norðlingaholtsskóli  
Norræna félagið  
Orkuveita Reykjavíkur  
Reykjavíkurborg  
Skógrækt ríkisins  
Skógræktarfélag Íslands  
Skógræktarfélag á höfuðborgarsvæðinu  
Vinnumálastofnun  
Vinnuskóli Reykjavíku  
r



## Skýrsla formanns

### Skýrsla formanns á aðalfundi Skógræktarfélags Reykjavíkur haldinn þriðjudaginn 12. mars 2013 á Háskólatorgi.

Fundarstjóri, félagsmenn, ágætu fundargestir !  
Síðast liðið ár var farsælt í starfsemi félagsins.

Afkoma þess var vel viðunandi, hún var að vísu aðeins verri en árið á undan en því ollu m.a. ákvarðanir stjórnar um nauðsynlegar vegambætur í Fellsmörk. Án þeirra hefði afkoman orðið ívið betri. Efnahagur félagsins er afar traustur. Hreinar eignir þess komnar yfir fjórðung úr milljarði.

Á liðnu ári þurftum við að leysa snúinn vanda í starfsmannamálum félagsins. Upp kom óánægja meðal lykilstarfsmanna, sem lyktaði með því að tveir þeirra hættu störfum fyrir félagið en áður hafði einn annar hætt. Þótt alltaf sé eftirsjá af starfsfólki sem unnið hefur lengi og vel fyrir félagið, þá kemur maður í manns stað og við búum nú við prýðilega gott starfsfólk.

Ég hef, að mig minnir, gert árangurslausum samningsumleitunum okkar við borgina og Orkuveituna um nýjan rekstrarsamning um Heiðmörk, nokkur skil undanfarna aðalfundi. Forsendur þess samnings, sem rann út árið 2010, voru löngu brostnar. Við borguðum árlega nokkrar milljónir úr eigin sjóðum með rekstri Heiðmerkur. Eftir margra ára „japl og jaml og fuður“ náðist loks samkomulag í desember s.l. og nýr samningur undirritaður nú í upphafi janúarmánuðar. Nýi samningurinn er veruleg bót frá þeim gamla og mun gagnast Heiðmörk vel. Bæði er að framlag borgarinnar og Orkuveitunnar hækkar nokkuð, en einnig hitt að nýi samningurinn er skýrari og markvissari og því liggur það ljósar fyrir hver verkefni okkar eru og hver forgangsroð þeirra er. Við fögnum þessum samningi og þökkum, bæði fyrir hönd félagsins og Heiðmerkur.

Jafnframt þessu höfum við tekið upp samningaviðræður við Garðabæ um sambærilegan samning um rekstur þess lands sem bæjarfélagið á innan Heiðmerkur. Skógræktarfélagið hefur aldrei haft samning við Garðabæ um Heiðmörk og eru þeir þó þriðjungs landeigendur þar. Það er von okkar að geta klárað samninga við þá áður en sumarið brestur á fyrir alvöru. Gangi sá samningur eftir, í þokkalegu samræmi við óskir okkar, þá getur Heiðmörk vel við unað. Við munum geta sinnt henni betur en áður, enda ekki vanþörf á.

Við höfum jafnframt í samningaviðræðum um rekstur Heiðmerkur lagt þunga áherslu á að deiliskipulag Heiðmerkur verði unnið og klárað. Því miður voru deiliskipulögin unnin sitt í hvoru lagi, í stað þess að vinna sameiginlegt skipulag af tveimur sveitarfélögum. Við gerum ráð fyrir því að deiliskipulag Garðabæjarhlutans klárast öðru hvoru megin við næstu áramót. Það væri fagnaðarefni.

Því miður hefur deiliskipulag Reykjavíkurhlutans hins vegar verið lagt ótímabundið til hliðar. Orkuveita Reykjavíkur, sem vann allan tímann ásamt öðrum að gerð þessa skipulags, synjaði því um samþykki sitt á síðustu stundu. Þeir báru fyrir sig ónógrri vatnsvernd, bæði vegna óöruggrar og mikillar bílaumferðar, en einnig höfðu þeir uppi málflutning gegn skógrækt við vatnsból í Heiðmörk, sem væri áhættuþáttur við vatnsvernd. Þessum seinni þætti mótmæltum við kröftuglega og bentum á fjölmargar niðurstöður fræðimanna heima sem erlendis, sem færðu fram þveröfug rök. Hvað vatnsverndarrökin snertir þá hefðu þau átt að koma fram mun fyrr og hægt væri að reyna að finna ásættanlega lausn. Því miður var það ekki gert. Þessu máli er því ekki lokið. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að vatnsvernd skiptir sköpum. Við höfum verið til viðræðu um einhvers konar takmörkun á bílaumferð í Heiðmörk, en munum aldrei fallast á að vatnsvernd og skógrækt fari ekki saman.

Það var á aðalfundi 2011 sem við samþykktum að vinna að því að gera Heiðmörk að lagalega bindandi verndarsvæði, með sameiginlegu skipulagi. Þessa tillögu kynntum við fyrir landeigendum, sem tóku henni almennt vel. Ekkert hefur þó enn gerst í þessa veru. Svona tillögur þurfa áralangan meðgöngutíma. Nýir menn sitja nú undir árum sem sumir hafa aðra sýn á Heiðmörk en forverar þeirra. Í lagafrumvarpi um skógrækt, sem verið er að vinna að í umhverfisstjórnuneytinu og vonandi verður lagt fyrir næsta þing, er gert ráð fyrir lagagrein sem

tekur á friðun náttúrusvæða, sem ekki heyra undir náttúruverndarlög, s.s. Heiðmörk. Við munum minna á það og halda því vakandi.

Stjórn og starfsfólk hefur, undir handleiðslu Reynis Kristinssonar ráðgjafa, unnið að stefnumótun fyrir félagið fram til ársins 2017. Nú liggur það skjal fyrir nánast fullgert og verður gert aðgengilegt í vor. Þar eru reknir niður helstu tjaldhælar starfs okkar næstu fjögur ár. Það er í senn markmið og viðmið.

Fellsmörk er sífellt á dagskrá okkar. Bæði er að vegasamband þar hefur verið afleitt og einnig hitt að við höfum gert margar tilraunir til að fá landið keypt af ríkinu, því núverandi fyrirkomulag er erfitt í framkvæmd. Þetta hefur verið og er þungur róður sem ekki sér fyrir endann á. Ríkið hefur færst undan því að afhenda okkur landið til kaups. Við munum þó ekki draga árar í bát. Vegamálin í Fellsmörk hafa verið erfið. Vegagerðin neitar að aðstoða okkur eða styrkja við að endurreisa vegi. Stjórnin ákvað því að veita fjármunum úr sjóðum félagsins til vegaf framkvæmda þar.

Að lokum er gaman að geta þess að hópur vaskra manna á okkar vegum vann með borgarskipulaginu að gerð skógræktaráætlunar fyrir borgarlandið á árinu. Það yrði birt sem fylgiskjal aðalskipulagsins. Þeir eiga þakkið skilið fyrir. Að loknum aðalfundarstörfum munu tveir þeirra, þeir Þorvaldur og Björn, gera okkur grein fyrir vinnubrögðum og helstu niðurstöðum.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki, bæði nýju og einnig þeim sem hurfu á brott, fyrir góð störf fyrir félagið. Helga framkvæmdastjóra færi ég þakkið stjórnarinnar fyrir mjög vel unnin störf. Endurskoðandi okkar Einar Hafliði á þakkið skyldar fyrir framlag sitt.

Félögum mínum í stjórn þakka ég afar gott samstarf.

Sá núverandi stjórnarmanna sem lengst hefur setið í stjórninni og skilað lengstu starfsverki er Ólafur Sigurðsson. Hann var kosinn í stjórn félagsins árið 1987. Var kosinn formaður 1990 og mun hafa gegnt því í fjögur ár. Síðan hefur hann setið óslitið í stjórn. Alls eru þetta því orðin 26 ár. Í samfelldri sögu Skógræktarfélags Reykjavíkur efast ég um að þeir séu margir sem setið hafa lengur í stjórn og helgað félaginu starfskrafta sína en hann. Kannski bara Þorvaldur. Nú hefur Ólafur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Ólafur hefur í öll þessi ár verið ein af þessum traustu undirstöðum félagsins. Til hans var alltaf hægt að leita. Ætíð var hann boðinn og búinn að vinna félaginu heilt, sama hvað hann hefur verið beðinn um. Hann hefur lofað okkur því að vera við símann, ef lítið liggur við, eða við skyldum þurfa að fletta upp í honum.

Ég vil biðja Ólaf að koma hingað upp til mín. Ég vil fyrir hönd Skógræktarfélags Reykjavíkur sæma þig gullpeningi félagsins og gera þig jafnframt að heiðursfélaga þess. Þakka þér Ólafur langa og dygga þjónustu við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Ég veit að það verður erfitt fyrir okkur að vera án þín, en sá grunur leggst að mér, að það verði ekkert auðveldara fyrir þig að vera án félagsins. Þakka þér störf þín og framlag þitt til félagsins. Gangi þér allt í haginn.

Þröstur Ólafsson, formaður stjórnar